LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Sigurður Ingi Jóhannsson
sjávarútvegsráðherra

11. febrúar 2014

Efni: Beiðni um endurskoðun ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar á hámarksafla fyrir ýsu á yfirstandndi fiskveiðiári

Landssamband smábátaeigenda hefur fundað með forstjóra og sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar. Fundurinn var í beinu framhaldi af viðræðum LS við yður þann 22. janúar sl um vanda krókaaflamarksbáta við þorskveiðar vegna gríðarlegs meðafla í ýsu.

Á fundi LS og Hafró ítrekaði stofnunin þá skoðun sína að ekki væri innistæða fyrir auknum veiðiheimildum í ýsu, vandamálið væri fiskveiðistjórnunarlegs eðlis.

LS óskaði eftir að stofnunin mundi á grundvelli niðurstaðna úr haustralli endurskoða veiðiráðgjöf yfirstandandi fiskveiðiárs í ýsu. Þeirri ósk var hafnað.

LS hefur vakið athygli á að niðurstöður úr haustralli hafi verið mun betri en vænta mátti er varðar ástand ýsustofnsins. Á grundvelli gríðarlegrar ýsugengdar á veiðislóð krókaaflamarksbáta er því fullþörf á að leita allra leiða til að heimila meiri veiði á ýsu á yfirstandandi ári.

Landssamband smábátaeigenda fer hér fram á það við yður að þér kallið nú þegar eftir nýrri aflaráðgjöf fyrir ýsu frá Hafrannsóknastofnun fyrir yfirstandandi fiskveiðiár þar sem niðurstöður úr haustralli og upplifun sjómanna verði hafðar til hliðsjónar.

Virðingarfyllst

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri